

SPÍTALAPÚLSINN

NÓVEMBER 2024



Bleiki dagurinn var 23. október. Á myndinni má sjá Eiríksstaði, sem var ein af byggingum Landspítala sem baðaðar voru bleiku ljósi í tilefni dagsins.

Aukin samþætting – bætt menning



Runólfur Pálsson
Forstjóri Landspítala

Spítalapúlsinn gengur nú í endurnýjun lífdaga en fréttabréf undir þessu heiti var gefið út á Landspítala árunum 2000–2010. Markmiðið með fréttabréfinu er að greina reglubundið frá því sem efst er á baugi í starfsemi spítalans og tryggja þannig greitt aðgengi starfsfólks að gagnlegum upplýsingum. Samhliða er tekið upp breytt fyrirkomulag starfsmannafunda sem eru nú staðfundir haldnir milli kl. 12 og 12.30 þriðja þriðjudag hvers mánaðar og eru opnir öllu starfsfólki. Næsti fundur verður haldinn í samkomusalnum á Kleppi þriðjudaginn 19. nóvember kl. 12. Ég hvet allt áhugasamt starfsfólk til að mæta og deila sínum skoðunum á því sem vel gengur og hinu sem betur má fara.

Oft hefur verið talað um sérstaka menningu innan Landspítala, svokallaða sílómenningu, sem einkennist af skorti á samþættingu og stöðlun þvert á stofnunina. Menning af þessum toga ýtir undir sundrun meðal starfsfólks og eykur á upplifun þess eðlis að ekki hafi allt starfsfólk jöfn tækifæri. Þessu þarf að breyta og hef ég lagt höfuðáherslu á brjóta upp þennan þátt menningar spítalans með aukinni stöðlun verkferla og verklags, samþættingu þjónustu og nýtingu gagna við alla ákvarðanatöku. Með aukinni nýtingu gagna skapast tækifæri til bættrar ákvarðanatöku sem leiðir til betri rekstrar, betri vinnustaðar og ekki síst betri þjónustu við sjúklinga.

Þær umfangsmiklu skipulagsbreytingar sem ráðist hefur verið í á undanförunum tveimur árum eru liður í þessu en markmið þeirra er að styrkja stöðir Landspítala og auka gæði þjónustu

við sjúklinga spítalans. Enn fremur bind ég vonir við að hið nýja stjórnskipulag muni hafa jákvæð áhrif á starfsanda og öryggi á vinnustað sem er ekki síður mikilvægt.

Á erfiðum tímum líkt og þeim sem við höfum nú upplifað síðustu ár vegna aukinna verkefna og ófullnægjandi aðstöðu, einkum skorts á legurýmum, skiptir öllu máli að starfsfólk spítalans sé meðvitað um sitt mikilvæga framlag til starfseminnar og samfélagsins alls. Á Landspítala starfar gríðarlega hæft starfsfólk við aðstæður sem krefjast mikillar aðlögunarhæfni og metnaðar. Landspítali er þungamiðja íslenskrar heilbrigðisþjónustu og þangað leitar veikasta fólkið eftir sérhæfðustu þjónustunni. Saman höldum við áfram að takast á við fyrirliggjandi áskoranir, þróast, styrkjast og leggjum þannig enn meira af mörkum fyrir íslenskt samfélag.



Í fréttum var þetta helst



Halla Gunnarsdóttir
Samskiptateymi

Að fylgjast vel með fréttum sem varða Landspítala rúmast illa innan hefðbundins vinnutíma, enda er spítalinn látaust í fréttum! Hér má finna samantekt á helstu fréttum október mánaðar þar sem Landspítala bar á góma.

Álag á Landspítala

Fréttir af álagi á Landspítala riðu ekki við einteyming í október-mánuði.

- Sjúklingur sem dvaldi í þrjú sólarhringa á spítalanum vegna sköflungs- og ökklabrots [gagnrýndi bæði aðstöðuna og þjónustuna](#).
- Gerður Beta Jóhannsdóttir forstöðuhjúkrunarfræðingur [var til svara](#) og sagði m.a. að rauði þráðurinn væri aðstæðurnar sem bæði sjúklingar og starfsfólk eru sett í.
- Ólafur Skúlason, framkvæmdastjóri hjúkrunar, var [líka til viðtals og áréttaði](#) (einu sinni enn) þann fjölda einstaklinga sem liggur inni á Landspítala og ætti að vera á hjúkrunarheimili. Spítalinn [þyldi þetta ástand](#) ekki mikið lengur.
- RÚV birti [einnig viðtal](#) við dóttur konu sem flakkaði milli úrræða í heilt ár meðan hún beið eftir herbergi á hjúkrunarheimili.
- Fráfarandi þingmaður Flokks fólksins [skrifaði grein](#) um vin sinn sem leitaði til Bráðamóttöku og var það tekið upp í nokkrum fjölmiðlum.

Þau sem gagnrýna spítalann vegna álags eiga það þó flest sammerkt að áréttá að ekki sé við starfsfólk Landspítala að sakast, sem sé að gera sitt besta í erfiðum aðstæðum.

Bleikur október

Október var bleikur að vanda. Landspítali fór í bleikan búning á samfélagsmiðlum og gerðar voru tilraunir til að lýsa Eiríksstaði og Barnaspítalann bleika.



Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra tilkynnti lækkað komugjald í brjóstaskimun á blaðamannafundi í Brjóstamiðstöð Landspítala.

Mestu gleðifregnir mánaðarins voru þær að gjald fyrir brjóstaskimun [lækkar úr rúmum sex þúsund krónum í 500](#). Brjóstamiðstöð hefur ítrekað kallað eftir lækkun komugjalda til að fækka þröskuldum gagnvart skimunum.

Umsögn við fjárlagafrumvarp

Mbl.is [flutti frétt af umsögn](#) Landspítala við fjárlagafrumvarp með áherslu á áhyggjur af vanfjármögnun vegna leyfisskyldra lyfja.

Dánaraðstoð

Kveikur fjallaði um dánaraðstoð í lok október og rataði umfjöllunin inn í fréttir RÚV. Arna Dögg Einarsdóttir, yfirlæknir á líknardeild, var til svara og sagði m.a. að löggjöf um dánaraðstoð myndi gerbreyta hlutverki lækna og annars heilbrigðisstarfsfólks. Hlutverk þeirra sé að lækna, líkna og hjúkra, ekki deyða.

Blóðgjafir í fréttum

Helstu fréttamiðlar sögðu frá [síðustu blóðgjöf](#) Aðalsteins Sigfússonar sem hefur gefið blóð í fimmtíu ár og samtals 250 sinnum. Annað í blóðfréttum kom [frá heilbrigðisráðherra](#) sem sagði frá því að á næsta ári muni samkynhneigðir karlar gefa blóð þegar NAT-skimun verður innleidd.

E.coli-smit

E.coli smit kom upp [kom upp á leikskóla](#) í Reykjavík og fjöldi barna hefur þurft

á þjónustu Barnaspítalans að halda. Þar af hafa fjögur börn dvalið á gjörgæslu. Læknar barnaspítalans og samskiptastjóri hafa verið ítrekað til viðtals vegna málsins og fjölmiðlar fylgst náið með afdrifum barnanna.

Geðheilbrigðismál

Alþjóðageðheilbrigðisdagurinn var haldinn 10. október og talsvert fjallað um geðheilbrigðismál í mánuðinum. Halldóra Friðgerður Víðisdóttir forstöðuhjúkrunarfræðingur skrifaði [grein á Vísí](#) um geðheilsu sem samfélagsmál og Nína Eck, félagsráðgjafi hjá geðhvarfateymi, [var í einlægu viðtali](#) í mannlega þættinum á Rás 1. Geðheilbrigðismál voru einnig talsvert til umræðu í tengslum við hræðilega atburði síðustu mánaða en skiptar skoðanir eru á tengingunni þar á milli. Arna Ýrr Sigurðardóttir, prestur í Grafarvogi, skrifaði [færslu](#) á Facebook sem rataði í fjölmiðla og sagði nauðsynlegt að efla geðheilbrigðisþjónustu til að koma í veg fyrir að saklaus börn láti lífið. Framkvæmdastjóri Geðhjalpar [kallaði eftir](#) stórauknum forvörnum.

Frétt mánaðarins

Langvinsælasta [umfjöllunarefni mánaðarins](#) var um nýjan starfskraft sem heitir Kjarkur og starfar á deild 32A. Myndir af Kjarki fóru sem eldur í sinu um samfélagsmiðla, enda þarf engum að koma á óvart að þjóðin elskar hundamyndir ...

Framhald á næstu síðu. ►

► Lyf án skaða

Verkefnið Lyf án skaða stóð fyrir málþingi í október sem voru [gerð góð skil í Kastljósi](#). Fjallað var um hversu erfiðlega gengur oft að hætta lyfjaávisunum sem ekki eru lengur þarfar. Anna Björg Jónsdóttir, yfirlæknir öldrunarlækninga, var til viðtals í útvarpsfréttum RÚV og sagði m.a. að skv. tölum frá nágrannalöndunum væri á milli 10 og 15% lyfjagjafa hér á landi ekki við hæfi. Við þessu þyrfti að bregðast.

Neyðarmóttaka vegna nauðgunar

Neyðarmóttakan rataði í fréttir þegar kveðinn var upp sýknudómur í nauðgunarmáli þar sem fram kom að konan sem kærði ofbeldið [hefði ekki fengið lækni skoðun](#) á neyðarmóttöku „hverju sem það er um að kenna“. Anne María Steinþórsdóttir, verkefnastjóri neyðarmóttökunnar, [var til svara](#) og sagði ljóst að þarna hefði orðið misbrestur í þjónustunni. Enn fremur áréttaði hún mikilvægi þess að brotþolar ofbeldis geti treyst neyðarmóttöku.

Skipulag heilbrigðisþjónustu

Kompás [fjallaði um sprengingu í notkun](#) á þyngdarstjórnunarlyfjum og gagnrýni var beint að stjórnvöldum fyrir að niðurgreiða ekki efnaskiptaaðgerðir á Klíníkinni. Vísir [sagði einnig frá Sunnu](#), nýrri frjósemisstofu sem hefur verið opnuð og þar með hefur samkeppni verið innleidd á „frjósemismarkaði“.

Starfsfólk á TikTok

Mbl.is og DV sögðu frá starfsfólki Landspítala sem hefur vakið athygli fyrir lífleg myndbönd á TikTok. Samskiptateymi vill þó minna á að tjáning á samfélagsmiðlum telst opinber tjáning og um hana gildir gæðaskjal um fjölmiðlaþátttöku starfsfólks sem er að finna í gæðahandbók (VER-2726). Þar kemur fram að starfsfólk er hvatt til að nýta samfélagsmiðla til að veita innsýn í fagleg störf sín á Landspítala en einnig minnt á mikilvægi þess að huga að faglegri ásýnd. Einnig er vísað til reglna um upptöku hljóðs og mynda á Landspítala en samkvæmt þeim er starfsfólki ekki heimilt að taka eða birta myndir af svæðum þar sem sjúklingar eða upplýsingar um sjúklinga eru eða gætu verið (VER-2012).

Zak og Elliot

Breska parið Zak Nelson og Elliot Griffith sneru aftur til Íslands en þeir hafa talað



Það var hjartnæm stund þegar Zak Nelson og Elliot Griffith sneru aftur á Landspítalann.

opinskátt um dvöl sína á Landspítala eftir alvarleg bíslýs sl. sumar. Þeir [heimsóttu Landspítala](#) og færðu starfsfólki þakkir.

Hvað annað?

- Forstjóri Landspítala tók þátt í pallborðsumræðum um heilbrigðismál á þingi ASÍ um miðjan október. Vísir og mbl.is [sýndu beint](#) frá umræðunum og hefjast þær ca. á mínútu 05:06:20.
- Helga Ágústa Sigurjónsdóttir, sérfræðilæknir og prófessor, [spjallaði við Vísir.is](#) um töfralausnir við of háu kortisóli. Gaf hún lítið fyrir einfaldar lausnir en fræddi lesendur þess í stað um hlutverk kortisóls, einkenni of hás kortisóls og meðferð við því.
- Elísabet Reykdal, yfirlæknir húð- og kynsjúkdómadeildar, og Hilmar Pálsson deildarlæknir voru [til viðtals í Dagmálum Morgunblaðsins](#) þar sem þau fjölluðu um einkenni og meðferð við sjálfsofnæmissjúkdómnum Alopecia sem getur haft mikil áhrif á útlit fólks.
- Nanna Briem, framkvæmdastjóri geðþjónustu, [svaraði fyrir starfsemi](#) afeitrunardeildar Landspítala.
- Katrín Þórarinsdóttir, yfirlæknir gigtarlækninga, [var meðal höfunda að grein á Vísir](#) í tilefni af alþjóðlegum degi gigtarsjúkdóma. Einnig var [sett út umfjöllun](#) á Facebook í tilefni dagsins og hlaut hún talsverða athygli.
- Vísir og Stöð 2 [fjölluðu um góðan árangur af háþrýstimeðferð](#) á Landspítala fyrir fólk með langtíma afleiðingar Covid.

- Enn er ósamið í kjaradeilu lækna og ríkisins annars vegar og lækna og hjúkrunarfræðinga hins vegar.
- Starfsfólk Landspítala [kom að útgáfu bæklinga](#) sem er ætlaður sem hvatning til fólks um að hætta að reykja.
- Anna Björg Jónsdóttir, yfirlæknir öldrunarlækninga, [ræddi við Bítíð á Bylgiunni](#) um vaxandi áfengissýki meðal aldraðra.
- Bændablaðið [talaði við Karl G. Kristinsson í kjölfar ársskýrslu](#) landlæknis um sýklalyfjaónæmi. Sagði hann m.a. slæmt að sýklalyfjanotkun í mönnum hafi staðið í stað milli ára.
- Mogginn [fjallaði um uppbyggingu](#) meðferðarkjarna Nýja Landspítala.
- Kastljós fjallaði um aukningu barna [sem fæðast í níkótínfráhvörfum](#).

Ög á léttari nótum ...

Eitt af lykilverkefnum samskiptateymis Landspítala er að eiga í góðum samskiptum við fjölmiðla og reyna að tryggja að fréttaflutningur sem varðar spítalann sé upplýstur og rétt farið með staðreyndir. Teymið brást þessu hlutverki sínu í október eða nánar tiltekið í tengslum við umfjöllun Smartlands um „heitustu lækna landsins“. Tíu konur og karlar voru þar tilgreind en einungis fimm þeirra af Landspítala sem eru alls ekki nægilegar heimtur. Einnig eru nokkrir augnakonfektmolar innan spítalann sem ekki rötuðu á lista og teymið biður því viðkomandi lækna og þjóðina alla afsökunar á að hafa misst þennan mikilvæga bolta.

Starfspróun hjúkrunarfræðinga af erlendum uppruna á Landspítala



Ólafur Guðbjörn Skúlason
Framkvæmdastjóri hjúkrunar

Undanfarin ár hefur hjúkrunarfræðingum af erlendum uppruna í starfi á Landspítala fjölgað verulega. Árið 2021 voru þeir um 8% hjúkrunarfræðinga sem hér starfa, en eru nú um 14%. Þeir koma frá yfir 25 þjóðlöndum. Að jafnaði hefja um 25-30 erlendir hjúkrunarfræðingar störf á Landspítala árlega. Nauðsynlegt er að móttaka og aðlögun þeirra sé við hæfi, og byggð á þekkingu og reynslu, rétt eins og íslenskra hjúkrunarfræðinga. Árið 2020 hófst skipulögð miðlæg móttaka og starfspróun erlendra hjúkrunarfræðinga með aðkomu og samvinnu mannauðsdeildar og mennta-deildar. Markmiðið er að bæta móttöku og aðlögun í starfi, auka öryggi sjúklinga og starfsmanna, kynna faglegar áherslur í starfi, auka hæfni til að takast á við áskoranir hjúkrunarstarfsins í nýjum aðstæðum og veita stuðning í nýjum og framandi aðstæðum. Miðlæg móttaka og starfspróun kemur ekki í stað móttöku og aðlögun á deild.

Fyrsta ár í starfi:

Starfsmaður mannauðsdeildar gefur hjúkrunarfræðingunum upplýsingar um hvaðeina sem lýtur að starfsleyfi, atvinnu- og dvalarleyfi og annað sem skiptir máli varðandi aðlögun að íslensku samfélagi, ásamt réttindum og skyldum. Hjúkrunarfræðingunum stendur einnig til boða íslenskunám.

Punktur úr starfsemi spítalans

Landspítala.

Alþjóðageðheilbrigðisdagurinn var í október. Sérfrótt starfsfólk Landspítala tók þátt

Gjörgæslan á Hringbraut varð hálfra aldar gömul í október. Fjallað var um sögu deildarinnar í [myndbandi](#) á vefsíðu



Á Landspítala starfa nú hjúkrunarfræðingar frá yfir 25 löndum.

Nýráðnum erlendum hjúkrunarfræðingum stendur til boða að sækja **Starfspróun I**, hvort sem um er að ræða hjúkrunarfræðinga sem þegar hafa hjúkrunarleyfi eða eru að bíða eftir því. Skipulagðir fræðsludagar eru 11, u.þ.b. hálfsmánaðarlega frá september til mars. Boðið er upp fjölbreytta dagskrá þar sem margs konar kennslu- og þjálfunaraðferðum er beitt, m.a. herminámi. Námsefni fræðsludagana er t.d. upplýsingakerfi og skráning, hjúkrun, sýkingavarnir, öryggi sjúklinga, öryggi við lyfjagjafir, samskipti, teymisvinna, hjúkrunareftirlit, útskriftir og fleira. Jafningjastuðningur er enn fremur hluti af skipulagðri dagskrá.

Annað ár í starfi:

Að ósk hjúkrunarfræðinganna og deildarstjóra var ákveðið að bjóða upp á áframhaldandi starfspróun og stuðning, þ.e. **Starfspróun II**. Starfspróun II er framhald af

Starfspróun I og boðið er upp á mánaðarlega fræðsludaga frá september til mars. Þar eru kynntar mismunandi hjúkrunarmeðferðir, stoðþjónusta og vaktstjórn, auk þess sem jafningjastuðningur er í boði. Hjúkrunarfræðingunum stendur enn fremur til boða að sækja námskeið um leiðsögn nema og nýráðinna, endurlífgunarnámskeið, öryggisnámskeið og fleira á ensku. Hjúkrunarfræðingarnir er almennt mjög ánægðir með námskeiðsdagana, en þátttakendur meta hvern dag í lok hans og setja fram tillögur að frekara námsefni. Fram kemur að þeim finnst þátttaka á námskeiðunum afar lærdómsrík og nauðsynleg til að leggja grunn að farsælu starfi. Námskeiðin og umræður um námsefnið fara fram á ensku til að tryggja skilning. Ýmsar tillögur hafa komið fram sem endurspeglar mislanga reynslu þeirra af hjúkrun og mismunandi menntun og nýtast til að bæta starfspróun erlendra hjúkrunarfræðinga enn frekar.

í umræðum á opinberum vettvangi. Innanhúss minnum við á þann stuðning sem starfsfólki býðst í gegnum [Velferðartorgið](#).

Stafræn vegferð Landspítala er á fullri ferð. Meðal nýjunga er innleiðing þjónustukannana strax eftir útskrift, þróun á notkun gervigreindar við leit í gæðaskjölum og ný tækni við að setja niður texta úr hljóðupptökum lækna (diktering).

Inflúensubólusetningar voru í fullum gangi í október á flestum starfsstöðvum. Enn er hægt að fá bólusetningu og skal þá hafa samband við starfsmannahjúkrunarfræðinga starfsmannahjukrun@landspitali.is

Dagur vinnuverndar var haldinn í Hringstal 9. október s.l. og var þátttaka góð, bæði í Hringstal og í [Streymi](#). Þetta var í 7. skipti sem að dagur vinnuverndar er haldinn á Landspítala.

Moodup-fréttir frá mannauðssviði

Nýir fréttapistlar þar sem við förum yfir helstu niðurstöður Landspítalans í heild sinni, skoðum eftirtektarverð atriði í hverri mælingu og hrósum einingum sem hafa bætt sig milli mælinga.



Inga lára Ólafsdóttir
Mannauðsstjóri

Svarhlutfall 42%: Í nýliðinni könnun sem send var út í upphafi októbermánaðar var svarhlutfall 42% og hækkaði því um 4% frá því í ágúst. Þegar við skoðum svarhlutfall til lengri tíma eða síðustu 6 mánaða þá sjáum við að 54% starfsfólks hefur svarað mælingum á því tímabili sem verður að teljast mjög gott. Langtímamarkmið Landspítala um

svarhlutfall er 65%. Við viljum því hvetja við öll til að taka þátt og nýta þetta góða tæki til að hafa áhrif.

Heildareinkunn 7,6 í starfsánægju sem er sama og í síðustu tveimur mælingum sem fóru fram í júní og ágúst, þegar við hækkuðum um 0,1. Þið sjáið að á myndinni stendur -0,2 undir viðmiði, en það þýðir að við erum mjög nálægt meðaleinkunn 95 annarra fyrirtækja og stofnana sem nýta starfsánægjumælingar Moodup. Það verður að teljast mjög góður árangur, sérstaklega þegar horft er



til þess að Landspítalinn er mjög stór og flókinn vinnustaður.



Markmið Landspítala við upphaf mælinga var að ná 7,5 í starfsánægju fyrir árið 2023-2024 og langtímamarkmiðið er 7,7.

Drifkraftar

Til upprifunar byggja mælingar á heildar starfsánægju á 10 drifkröftum. En undir hverjum drifkrafti eru 5 spurningar sem sendar eru út af handahófi á starfsfólk þar til allir hafa fengið hverja spurningu einu sinni. Hér sjáum við niðurstöður úr mælingu í október niður á hvern drifkraft m.v. viðmið annarra fyrirtækja í Moodup og sýnir myndin hvort að viðkomandi drifkraftur hefur hækkað eða lækkað milli mælinga.

Helstu styrkleikar; felast í drifkraftinum „Samband við jafningja“ en þar skorum við mjög hátt með einkunnina 8,1, en 3 af 5 styrkleikum úr síðustu mælingu voru undir drifkraftinum samband við jafningja. Einnig erum við há í Drifkraftinum „Ánægja“ þar sem við erum með einkunnina 8,0 og hækkuð milli mælinga. Á myndinni má sjá það sem kerfið dregur fram sem okkar helstu styrkleika m.v. mælingu í október.

Helstu veikleikar; felast helst í drifkraftinum „Vöxtur í starfi“ en þar skorum við lægst með einkunnina 7,0 sem og í drifkraftinum „Aðbúnaður“ þar sem við erum með einkunnina 7,2. Á myndinni má sjá það sem kerfið dregur fram sem okkar helstu veikleika eftir október mælinguna, sem eru þættir sem tengjast tíma og álagi.



Framhald á næstu síðu. ▶

► Endurgjöf – skortur á hrósi og endurgjöf

Í október bárust okkur 290 svör við opinni endurgjafarspurningu, mörg þeirra snúa að launum og mönnun, en töluvert var líka um að starfsfólk kæmi með ábendingar um skort á hrósi og endurgjöf. Það getum við öll haft áhrif á og væri gaman að sjá fara uppávið í næstu mælingu.

Mælingar framundan

Við munum ekki senda út Moodup mælingu í nóvember en framundan er samskiptakönnun sem framkvæmd hefur verið árlega síðustu 3 ár og verður send

út með Moodup í upphafi mánaðar. Þá munum við nýta Moodup til að framkvæma stjórnendamat en slíkt mat hefur ekki verið framkvæmt á Landspítala síðustu 3 ár.

Þá eigum við einnig von á að fá senda könnun á Stofnun ársins í nóvember.

Hvetjum við ykkur öll til að svara næstu

mælingu í desember og láta þannig rödd ykkar heyrast.

Við viljum minna á að á tímum álags er nauðsynlegt að hlúa að sjálfu og að á [Velferðartorgi Landspítala](#) er hægt að finna ýmsa stuðningsmöguleika.

Hrósið



Okkur langar að þessu sinni að hrósa nokkrum deildum fyrir gott svarhlutfall og bætingar milli mælinga.

- **Pípulagningarverkstæðið** var með 100% svarhlutfall.
- **1550 þjónustumiðstöð** með 65% svarhlutfall og hefur hækkað starfsánægju úr 6,8 í upphafi árs í 7,8.
- **Gjörgæsla Hringbraut** hækkar úr 6,5 í 7,8 milli mælinga.
- **Dagdeild skurðlækninga** er með 70% svarhlutfall og hefur hækkað úr 7,8 í 9 frá mælingu í apríl 2024.
- **Dauðhreinsunardeild rekstur** er með 69% svarhlutfall og hækkar úr 7,1 í 8,5 milli mælinga.

Vel heppnaður fræðsludagur

Sameiginlegur þverfaglegur fræðsludagur starfsfólks kvenlækningadeildar var haldinn fimmtudaginn 26. september í Hringisal.

Þema dagsins var samskipti og var lögð áhersla á bæði samskipti innan teymis en líka samskipti við sjúklinga og aðstandendur.

Dagurinn hófst á erindi

Sigurveigar Sigurjónsdóttur Mýrdal forstöðuhjúkrunarfræðings um sálrænt öryggi og mikilvægi þess fyrir góðan starfsanda og öryggi sjúklinga. Dögg Harðardóttir Fossberg á mannauðssviði LSH kynnti svo samskiptasáttmála Landspítala. Í kjölfar þess fóru Arnar Guðjón Skúlason og Stefán Árni Jónsson



Mikil og góð stemning var á fræðsludeginum.

varðstjórar hjá Lögreglunni í Reykjavík yfir spennulækkandi aðferðafræði og hvernig henni er beitt í krefjandi samskiptum. Tinna Guðjónsdóttir og Kristín Inga Grímsdóttir hjúkrunarfræðingar á Barna og Unglingageðdeild ræddu um aðferðir til valdeflingar starfsfólks í erfiðum samskiptum og lestina rak Marta Jóns

Hjördísardóttir talskona sjúklinga sem minnti okkur á hversu gaman okkur finnst í vinnunni 😊

Að lokinni fræðsludagskrá fór hópurinn saman í pílu og pizzu.

Var það samdóma álit hópsins sem tók þátt í deginum að frábærlega vel hefði tekist til.

Verðlaunablaðamaður vinnur að þáttum um bráðamóttöku

Jóhannes Kr. Kristjánsson, rannsóknarblaðamaður sem oft er kenndur við fréttaskýringaþáttinn Kompás, hefur undanfarnar vikur unnið að hláðvarpsþáttum um starfsemi bráðamóttökunnar í Fossvogi.

Þættirnir eru unnir í samstarfi við Landspítala, samskiptateymi og starfsfólk bráðamóttökunnar en markmiðið er að hlustendur fá innsýn í þau verkefni sem starfsfólkið þar fæst við á hverjum degi

og skilji betur afleiðingar og áhrif þess flæðivanda sem Landspítali hefur þurft að kljást við lengi.

Þættirnir sem Jóhannes vinnur að eru hluti af hláðvarpsþáttaröð sem ber nefnið Á vettvangi. Í síðustu þáttaröð fjallaði Jóhannes um starfsemi kynferðisafbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Þóttu sú umfjöllun vel heppnuð og sýna viðfangsefnum nærgætni og tillitsemi.



Frá bráðamóttökunni í Fossvogi.



Verkefnagáttin



Sandra Gestsdóttir
Deildarstjóri á
Verkefnastofu

Verkefnastofa hefur umsjón með verkefnagáttinni sem fór í loftið 4. mars á þessu ári og er verkefnasafn Landspítala.

Hafir þú spurningar eða óskar eftir aðstoð við að nota gáttina, ekki hika við að hafa samband við Söndru Gestsdóttur, deildarstjóra verkefnastofu.

Forgangsverkefni framkvæmdastjórnar

Framkvæmdastjórn setur reglulega í forgang miðlæg átaksverkefni sem eru ætluð til að staðla verklag þvert á spítalann með stuðning frá verkefnastofu.

Innleiðing á móttöku og svörun tilvísana (B&T)

Samræming á ferli tilvísana, gegnsæi, útrýming pappírtilvísana og allar tilvísanir sérgreina/deilda birtist á einum stað

Verkefnastjóri: Hildur Guðrún Elíasdóttir
Áætluð verklok: 31.12.2024

„Þetta er svona 20x betra, aðallega vegna þess að sá sem sendir tilvísunina fær svar, sjúklingurinn fær svar, við getum flokkað þetta í mismunandi úrvinnsluhópa þannig við höfum yfirsýn yfir hvernig biðlistinn okkar lítur út. Ég þarf ekki að vera eltast við eitthvað pappírsmót út um allar koppagrundir, þetta er bara í tölvunni hjá mér“
- Starfsmaður á deild sem hefur að fullu innleitt B&T

Þjónustukannanir

Markviss farvegur fyrir sjúklinga og aðstandendur að koma á framfæri ábendingum og sjónarmiðum um þjónustu spítalans.

Verkefnastjóri: María Björg
Áætluð verklok: 30.06.2025

„Það sem er gott við könnunina er að það er gott að fá feedbackið, sérstaklega fyrir starfsfólk á álagstímum, það gefur orku“
- Starfsmaður á deild sem hefur innleitt þjónustukannanir

Flýtimóttaka: ferli sjúklinga með aðkallandi vandamál

Allar dag- og göngudeildir hafi skilgreinda forgangstíma til að sinna sjúklingum með aðkallandi vandamál.

Verkefnastjóri: Rúna Guðmundsdóttir
Áætluð verklok: 01.06.2025

„Þetta sé mjög þarft verkefni, ég held að þetta eigi eftir að hafa mikil áhrif“
- Starfsmaður sem þekkir til verkefnisins

Útskriftir

Skilvirkari útskriftir til að bæta flæði á spítalanum og þjónustu við útskrifaða sjúklinga. Tekið er m.a. til greina heimaþjónusta, hjálpartækjabeidnir og lyfjaafgreiðsla. Útskriftarskjáborð í vinnslu sem og starfslýsing útskriftarhjúkrunarfræðinga.

Verkefnastjóri: Berglind Ósk Birgisdóttir
Áætluð verklok: 31.12.2025

„Þetta skjáborð er alger snilld, fundirnir okkar voru bara 10 mín“
- Starfsmaður sem tekur þátt í pilot á útskriftarskjáborðinu

Bjarneyjarstofa opnar á kvennadeild

Ný stofa fyrir fjölskyldur sem hafa misst börn á meðgöngu var opnuð á Landspítalanum í október. Stofan hefur fengið nafnið Bjarneyjarstofa í höfuðið á Bjarneyju Hrafnberg ljósmóður sem hefur í meira en þrjátíu ár stutt foreldra í gegnum slíkan missi.

Á alþjóðlegum minningardegi þeirra barna sem látist hafa á meðgöngu var opnuð nýinréttuð stofa sem verður athvarf fyrir þá foreldra sem missa barn á meðgöngu. Guðlaug Erla Vilhjálmisdóttir, yfirljósmóðir á Kvennadeild segist vona að sem fæstir þurfi að nota stofuna.

„En fyrir fólk sem eru í þeirri stöðu að hafa misst barn þá skiptir þetta miklu máli að hafa góða aðstöðu í staðinn fyrir að vera inni á pínulítilli fæðingarstofu hérna frammi á gangi þar sem ekki er mikil aðstaða til að taka á móti aðstandendum og slíkt.“

Styrktarfélagið Gleym mér ei, sem er til stuðnings við foreldra sem missa á meðgöngu, bauðst til að innrétta stofuna.

„Við höfum allar þurft að nýta okkur svona aðstöðu þannig að við hugsuðum strax að þetta þyrfti að vera rólegt og fallett umhverfi þar sem þú getur verið



Kolbrún Tómasdóttir, framkvæmdastjóri styrktarfélagins Gleym mér ei, Bjarney Hrafnberg, ljósmóðir og Guðlaug Erla Vilhjálmisdóttir, yfirljósmóðir á Kvennadeild.

því það eru margar fjölskyldur sem dvelja hérna jafnvel í þrjá til fjóra daga og það þarf að vera umhverfi sem tekur utan um fólk. Ekki bara læknaæki. Okkur fannst nauðsynlegt að það yrði heimilislegt,“ segir Kolbrún Tómasdóttir, framkvæmdastjóri styrktarfélagins Gleym mér ei.

Þessi huggulega stofa hefur fengið nafnið bjarneyjarstofa, í höfuðið á Bjarneyju Hrafnberg, ljósmóður, sem hefur tekið við erfiðum og andvana fæðingum í yfir þrjátíu ár og stutt ríkulega við foreldra í gegnum áfallið.

Fréttastofa Stöðvar 2 mætti við opnun Bjarneyjarstofu og má sjá fréttina [hér](#).

Fréttir úr Gæðahandbók

Ný Gæðahandbók er í fullri vinnslu og ætlar sér að verða hluti af starfsemi Landspítala nú í nóvember. Í október voru gefin út 254 gæðaskjöl og þar af 60 nýsmíði. Sem dæmi má nefna:

- Nýjar leiðbeiningar um meðferð við blóðsykurfalli hjá fullorðnum.
- Leiðbeiningar um AMED - flokkunarkerfi til að tryggja viðeigandi þjónustustig fullorðinna sjúklinga á legudeildum
- Fræðsluefni um kynsjúkdóma, m.a. klamydíu, lekanda og kynfæravörtur
- Leiðbeiningar vegna niðurgangs



hjá börnum af völdum Enterohemorragic E-Coli

- Á vegum iðjubjálfa var gefið út leiðbeiningar varðandi MMSE - próf til að meta vitræna getu sjúklinga
- Bráðamóttaka gaf út leiðbeiningar varðandi rafvarnarvopn og móttöku og meðferð sjúklinga



Lækkað komugjald í brjóstaskimun

Lækka á komugjald kvenna í brjóstaskimun í 500 krónur og með því er stefnt á að stórefla þátttöku kvenna í skimun. Þrátt fyrir að næstum allar konur hér á landi fái boð um brjóstaskimun er aðeins um helmingur þeirra sem þiggur það. Svanheiður Lóa Rafnsdóttir, yfirlæknir á brjóstamiðstöð, segir nýgengi brjóstakrabbameins fara hækkandi. Tvö hundruð konur á ári greinist með brjóstakrabbamein og þá látist um 50 árlega. Fréttastofa Stöðvar 2 mætti á Brjóstamiðstöð Landspítala og sýndi fram á hversu stuttan tíma það taki að fara í skimun. Fréttina má sjá [hér](#).

Mikilvægt að styrkja vísindarannsóknir á Landspítala


Frá og með 1. nóvember nk. tekur Karl Konráð Andersen við formennsku í Vísindaráði Landspítala. Karl útskrifaðist með kandidatspróf í læknisfræði frá Læknadeild Háskóla Íslands árið 1987 og lauk sérnámi í lyflækningum og hjartalækningum frá Sahlgrenska-háskólasjúkrahúsinu/Östra í Gautaborg árið 1995 og doktorsprófi árið 1997 frá Gautaborgarháskóla. Hann hefur starfað á Landspítala samfelld frá 1997 og sem yfirlæknir Hjartagáttar frá 2013 til 2019 þegar hann tók við stöðu forstöðumanns hjarta- og æðþjónustu. Karl gegnir nú stöðu yfirlæknis forvarna hjarta- og æðasjúkdóma innan hjartalækningaeiningar Landspítala og er jafnframt prófessor við Læknadeild Háskóla Íslands. Hann er höfundur á annað hundrað ritrýndra vísindagreina og hefur handleitt rúmlega 30 nemendur í rannsóknartengdum vísindaverkefnum.

Vísindaráð Landspítala var sett á stofn í maí 2001 og er forstjóra til ráðgjafar um vísindatengd málefni spítalans. Vísindaráð spítalans vinnur að vísindastefnu spítalans, reglulegri endurskoðun hennar og gerir tillögur að breytingum hvað vísindamálefni stofnunarinnar varðar. Þá hefur ráðið borið ábyrgð á vali og veitingu viðurkenninga fyrir vísindastörf á Landspítala, sinnt styrkúthlutunum og skipulagt viðburði sem tengjast vísindastarfi spítalans.

Karl K. Andersen:

„Í þrjú hlutverki Landspítala sem háskólasjúkrahúss felst klínísk þjónusta, þjálfun heilbrigðisstarfsmanna og vísindastarfsemi. Þessi þrjú hlutverk eru samofin með þeim hætti að ekkert þeirra nær að blómstra án hinna tveggja.

Á síðustu árum hefur Landspítali dregist aftur úr í vísindavirkni í samanburði við háskólasjúkrahús í nágrennalöndunum. Þetta kemur meðal annars fram í fækkun tilvitnana í vísindagreinum þar sem starfsmenn spítalans eru leiðandi höfundar. Þetta er mjög varasöm þróun sem kemur niður á gæðum heilbrigðisþjónustunnar, menntun heilbrigðisstarfsmanna, faglegri



Vísindastarf á Landspítala hefur átt undir högg að sækja á undanföllum árum.

framþróun, alþjóðlegri tengslamyndun og nýsköpun í heilbrigðisgreinum.

Margar skýringar geta legið hér að baki. Ein nærtæk skýring er sú að niðurskurður á fjárframlögum til heilbrigðiskerfisins á síðustu áratugum hefur bitnað meira á háskólahlutverkinu en eðlilegt er. Þannig eru fjárframlög til vísinda langt undir því að vera 3% af heildarveltu sem algengt er á háskólasjúkrahúsum Norðurlanda.

En fleira kemur til. Skortur á innviðum og aðstöðu til vísindastarfsemi er hamlandi þáttur sem leiðir til þess að vísindamenn sjá ekki verðug tækifæri á spítalanum og leita til annarra fyrirtækja og stofnana þar sem aðstæður eru betri. Annar takmarkandi þáttur er að vinnuskipulag á einstökum deildum gerir yfirleitt ekki ráð fyrir að tíma sé varið í vísindarannsókni.

Í könnun sem gerð var meðal vísindamanna á aðgerðasviði vorið 2021 kom skýrt fram að tímaskortur til rannsókna var helsta hindrun í vísindastarfi, þar á eftir skortur á aðstöðu og í þriðja lagi skortur á fjármagni. Hér er mikilvægt að ná viðspyrnu og snúa málum til betri vegar.

Vísindaráð Landspítala vinnur nú að útgáfu vísindastefnu spítalans fyrir árin 2025–2030. Ástæður dvínandi vísindavirkni verða greindar og tillögur gerðar til úrbóta. Vísindastefnan verður þannig vegvísir



Karl Konráð Andersen, nýr formaður Vísindaráðs Landspítala.

með markmiðum og leiðum sem kynnt verður forstjóra og framkvæmdastjórn spítalans. Þar er fullur vilji til að hrinda í framkvæmd þeim breytingum sem þarf til að styrkja stöðu vísindarannsókna eins og kveðið er á um í stefnu spítalans og starfsáætlun.

Lykilatriði í þessari framþróun verður þó að styrkja menningu þess vísindasamfélags sem sérhæfðir starfsmenn spítalans mynda. Þar höfum við öll hlutverki að gegna.“

Landspítali tekur vel á móti nýjum og metnaðarfullum formanni vísindaráðs og þakkar á sama tíma fráfarandi formanni, Rósu Björk Barkardóttur, fyrir sitt mikilvæga framlag.



Starfsmannafundur forstjóra á Hringbraut 15. október

Runólfur Pálsson, forstjóri Landspítala, hélt opinn starfsmannafund á Hringbraut sl. þriðjudag. Fundurinn hófst með stuttu ávarpi forstjóra og síðan var boðið upp á spurningar og athugasemdir.

Meðal þess sem fram kom í máli forstjóra var eftirfarandi:

- Nú er fjárlagafrumvarp í vinnslu. Landspítali hefur skilað umsögn við frumvarpið þar sem fram kemur að áætlaður vöxtur samkvæmt frumvarpinu er lægri en ætluð þjónustuaukning Landspítala.
- Starfsemi spítalans líður fyrir alvarlega innviðaskuld sem nær áratugi aftur í tímann. Hún er ekki eingöngu á Landspítala heldur í heilbrigðisþjónustunni í heild sinni og öðrum innviðum. Uppbygging Landspítala hefur verið of hæg. Upphafleg áform voru t.d. um að nýi meðferðarkjarninn opnæði 2023 en það hefur dregist.
- Fólki hefur fjölgað og ekki hafa verið gerðar nægar ráðstafanir til að mæta fjölgun aldraðra. Samskipti við sjúklinga á Landspítala hafa aukist um 20% síðan 2019. Stöðugildum og einstaklingum hefur fjölgað en framlagið í vinnustundum hefur ekki aukist, einkum vegna styttingar vinnutímans.
- Ýmsar lausnir eru í farvatninu en þær taka tíma og þarfnastr fjármögnunar. Þar má nefna stækkun bráðamóttökunnar



Á fundinum lýsti starfsfólk miklum áhyggjum af skorti á uppbyggingu innan heilbrigðisþjónustunnar.

- Í Fossvogi með einingabyggingum, fjölgun legurýma og tilfærsla göngudeildarstarfsemi sem þarf ekki að vera í aðalbyggingum í leiguhúsnæði.
- Mikilvægt er að horfa á mannauðinn í heilbrigðisþjónustu sem eina heild og nýta kraftana á videigandi stöðum.
- Við þurfum að leita lausna og mikilvægt hugsa út fyrir rammann. Allar ábendingar frá starfsfólki eru vel þegnar, enda erum við öll saman í þessu hér á spítalanum.

Í máli starfsfólks komu fram ríkar áhyggjur af skorti á uppbyggingu innan heilbrigðisþjónustunnar og því hversu þengir að starfsemi. Of litlu fé sé

veitt til heilbrigðisþjónustunnar og það skjóti skökku við að Landspítali ber ábyrgð á því að hýsa aldraða sem eiga að vera á hjúkrunarheimili. Samhliða eru kjarasamningar bæði hjúkrunarfræðinga og lækna lausir. Lagt var til að nýta komandi Alþingiskosningar til að vekja athygli á stöðu spítalans og auka skilning og þekkingu innan stjórnmalanna. Þá kom fram tillaga um að bjóða upp á sex klukkustunda vaktir fyrir eldra starfsfólk til að fjölga starfsfólki og einfalda mönnun.

Næsti starfsmannafundur verður þriðjudaginn 19. nóvember milli 12.00 og 12.30 í samkomusalnum á Kleppi. Fundirnir eru opnir öllu starfsfólki.

Lyf án skaða - Málþing um endurskoðun lyfjameðferðar

Málþing um fór fram á Grand hótél 7. október sl. og var þar fjallað um endurskoðun lyfjameðferðar. Íslendingar nota meiri lyf en gengur og gerist í nágrannalöndunum og stundum getur ávinningur lyfjameðferðar verið minni en

skaðsemin. Landspítali á aðild að átakinu [Lyf án skaða](#) sem hefur það að markmiði að draga úr alvarlegum skaða af völdum lyfja.

Upptökur af málþinginu eru aðgengilegar [hér](#).





STARFSMANNAFUNDUR Á KLEPPI

Forstjóri Landspítala boðar til starfsmannafundar **þriðjudaginn 19. nóvember milli 12.00 og 12.30**. Fundurinn fer fram í samkomusalnum á Kleppi.

Starfsmannafundir forstjóra eru haldnir þriðja þriðjudag í mánuði á ólíkum starfseiningum og eru opnir öllu starfsfólki spítalans. Að lokinni stuttri framsögu forstjóra er boðið upp á spurningar og athugasemdir.

Starfsmannafundir eru auglýstir í viðburðadagatali á innri vef og á Workplace - Fréttir.

Ertu með ábendingar varðandi starfsmannafundi? Hafðu samband við samskiptateymi Landspítala í gegnum netfangið samskiptateymi@landspitali.is.

Fellihlið á bílastæðum við Landakot og Umferðamiðstöð (BSÍ)

Á komandi dögum mun fellihlið verða tekið í notkun við innkeyrslu inn á starfsmannabílastæði við Landakot. Hliðið er aðgangstýrt með myndavélaeftirliti þar sem myndavél les bílnúmer starfsmanns og opnar síðan hliðið ef bílnúmerið er skráð inn í gagnagrunn Green Parking. Leiðbeiningar um skráningu bílnúmera hafa nú þegar verið sendar til stjórnenda Landakots. Mikilvægt er að allt starfsfólk Landakots hafi skráð bílnúmer inn í gagnagrunn Green Parking áður en hliðið fer í fulla notkun til þess að koma í veg



Fellihlið verður tekið í notkun á Landakoti.

fyrir að komast ekki inn um hliðið þegar mætt er til vinnu.

Vegna skorts á bílastæðum við Hringbraut verða fellihlið við bílastæðin hjá Umferðamiðstöðinni (BSÍ) tekin aftur í notkun og verða þau aðgangstýrt með starfsmannaskortum eins og áður. Hliðin verða þó opin frá kl. 07:00-08:00 á morgnanna til þess að lágmarka biðraðir en utan þess tíma er hægt að opna þau með gildum starfsmannaskortum. Þau 350 bílastæði sem þar eru í boði verða því einungis fyrir starfsfólk.

Við vonumst til þess að þessar breytingar auðveldi starfsfólki að fá bílastæði þegar mætt er til vinnu.



Þjónustukönnun sjúklinga 2024

Umhyggja er eitt af gildum Landspítala og sl. tvö ár hefur verið spurt um umhyggju í þjónustukönnun Landspítala. Aðeins 1% sjúklinga segjast ekki hafa upplifað umhyggju af hálfu starfsfólks.


Tæp 90% segjast hafa upplifað umhyggju starfsfólks alla spítaladvölinu. Markmið okkar er að það hlutfall sé 100%! Hér má sjá nánari niðurstöður úr þjónustukönnun Landspítala en hún er

lögð árlega fyrir lagskipt slembiúrtak sjúklinga sem dvöldu á legudeildum.

Heildarniðurstöður könnunarinnar má nálgast [hér](#).



Þjónustukönnun sjúklinga

Sýndi starfsfólk þér og fjölskyldu þinni umhyggju meðan þú dvaldir á spítalanum?



Þjónustukönnun sjúklinga

Fannst þér þú höfð/hafður með í ráðum þegar teknar voru ákvarðanir um útskrift þína af spítalanum?




Aðalsteinn gaf blóð í 250. skipti

Það stóð mikið til í Blóðbankanum í október þegar Aðalsteinn Sigfússon gaf sína síðustu blóðgjöf, en alls telja blóðgjafir hans 250.

Ásamt Aðalsteini komu Guðrún dóttir hans og synirnir Hákon og Sigfús einnig til að gefa blóð. Aðalsteinn, sem gefið hefur undanfarin 50 ár, byrjaði sem blóðgjafi þegar Vilhelmína kennari hans í náttúrufræði í MR gaf nemendum frí til að gefa blóð. Aðalsteinn situr í stjórn Blóðgjafafélags Íslands og hvetur hann öll sem geta gefið blóð að gera það.

Davíð Stefán Guðmundsson formaður Blóðgjafafélags Íslands segir þrjú þúsund nýja blóðgjafa þurfa á hverju ári. „Því miður erum við að sjá endurtekin neyðarköll frá Blóðbankanun, þar sem óskað er eftir nýjum blóðbönkum og blóðgjöfum. Og það er áhyggjuefni fyrir íslenskt heilbrigðiskerfi í heild sinni,“



Aðalsteinn Sigfússon gaf blóðflögur í 250 skiptið.

segir Davíð. Davíð ráðleggur nýjum blóðgjöfum að vera úthvildir áður en þeir mæta í gjöf, borða morgunmat og drekka nóg af vatni.

Fréttastofa Stöðvar 2 mætti á svæðið

og tók viðtal við Aðalstein. smelltu [hér](#) til að sjá fréttina.

Blóðbankinn er ávallt að leita að nýjum blóðgjöfum. Hægt er að sækja um að gerast blóðgjafi með því að smella [hér](#).



„What matters to you?“

Á dögunum var haldið málþing á vegum Fagráðs Landspítala undir yfirskriftinni „What matters to you - Hvað skiptir þig máli?“

Hingað til lands komu stjórnendur frá Royal Free sjúkrahúsinu í London. Þær Rebecca Longmate, framkvæmdastjóri hjúkrunar, Karen Turner, yfirmaður gæðamála og Jane Coy-Terry verkefnastjóri útskýrðu hvernig þau hafa innleitt þessa einföldu spurningu og nýtt hana sem grunn í að efla þátttöku sjúklinga í eigin meðferð

og í umbótavinnu á sjúkrahúsinu.

Einnig var talað um samstarf Landspítala og Royal Free í að þróa aðferð til að nýta þessa spurningu til að heyra hvað skiptir starfsfólki máli og hvernig bæta megi starfsumhverfi og líðan starfsfólks í vinnu og þar með bæta þjónustu.

Royal Free hefur nýtt þessa aðferðafræði lengur og búa því yfir betri upplýsingum um mælanlegan árangur og við á Landspítala hlökkum til að nýta þessa aðferð enn betur í okkar starfi.



STARFSMANNAMÁL

Nýr deildarstjóri legudeildar geðrofssjúkdóma

Guðfinna Betty Hilmarsdóttir hefur verið ráðin deildarstjóri á legudeild geðrofssjúkdóma á Landspítalanum við Hringbraut. Guðfinna útskrifaðist sem hjúkrunarfræðingur frá Háskóla Íslands árið 2012, kláraði diplómanám í kynfræði 2014 og svo nýtt meistaranám í geðhjúkrun við Háskóla Íslands vorið 2024. Guðfinna hefur mikla starfsreynslu frá geðsviði Landspítala þar sem hún hefur starfað frá útskrift ásamt reynslu sem aðstoðardeildarstjóri síðastliðin 8 ár, þar af undanfarin 7 ár á Geðgjörgæslu. Guðfinna hefur tekið mikinn þátt í þróunar og umbótavinnu á geðsviði síðastliðin ár með sérstaka áherslu á öryggismál og betri þjónustu.

Alþjóðlegur dagur iðjuþjálfunar



Þann 27. október síðastliðinn var alþjóðlegur dagur iðjuþjálfunar

Iðjuþjálfar aðstoða fólk við að efla færni sína og sjálfstæði í að takast á við verkefni daglegs lífs. Sem dæmi um iðju

má nefna það að klæða sig og snyrta, kaupa inn og útbúa mat, aka bíl, afgreiða í búð, gera skólaverkefni, fara í bíó, taka þátt í íþróttum og félagsstarfi eða mála mynd.

Á Landspítala starfa tæplega 30 iðjuþjálfar á átta starfsstöðvum og sinna fólki á öllum aldri. Ljósmyndari Landspítala, Þorkell Þorkelsson, heimsótti nokkrar þeirra.



„Iðjuþjálfar í geðþjónustu starfa í þverfaglegum teyllum og við vinnum með fólki sem glímur við færniskerðingu til dæmis vegna veikinda, áfalla eða slysa. Við metum í samvinnu við einstaklinginn og stundum aðstandendur hvaða færni viðkomandi vill geta þjálfað upp. Þetta getur verið allt frá því að fara út í búð og yfir í að ráða við félagsleg samskipti. Síðan vinnum við með það í gegnum bæði einstaklings- og hóppjálfun.“

Sunna Hlynsdóttir, geðþjónusta á Kleppi

„Iðjuþjálfar á bráðadeildum Landspítala vinna fjölbreytt störf á bæði legu- og göngudeildum. Á taugadeild vinnum við til dæmis með fólki sem hefur fengið heilablóðfall og metum færni þeirra til að takast á við daglegar athafnir. Stundum er hægt að þjálfa upp fyrri færni en stundum þarf að finna nýjar leiðir til að gera hlutina og jafnvel nýta hjálpartæki.“

Sigurbjörg Sigurðardóttir, endurhæfing í Fossvogi



„Á barna- og unglingsgeðdeild Landspítala vinna iðjuþjálfar með börnum og unglungum sem eru með alvarlegar geð- og þroskaraskanir. Í samvinnu við fjölskyldur þeirra vinnum við með hæfni í daglegu lífi, til dæmis allt sem varðar sjálfsumhirðu, að stunda nám eða vinnu, sinna áhugamálum og eiga félagsleg samskipti.“

Þórdís Jónsdóttir, barna- og unglingsgeðdeild

„Iðjuþjálfar á Landakoti vinna í náinni samvinnu við aðrar fagstéttir að endurhæfingu aldraðra einstaklinga með færniskerðingu. Við eflum færni fólks til að sinna athöfnum daglegs lífs, t.d. að komast um, fara á salerni og klæða sig. Við bjóðum upp á fjölbreytt hópastarf og eflum fólk til að finna leiðir til að sinna áhugamálum sínum og eiga góð félagsleg tengsl. Það er enginn vinnudagur eins, við erum sífellt að leita fjölbreyttra lausna til að fólk geti sinnt iðju sinni.“

Arndís Jónsdóttir, Landakot



„Á Grensáasi fær fólk endurhæfingu eftir alvarleg slys eða veikindi. Iðjuþjálfar koma að því að byggja fólk upp til að takast á við daglegar athafnir að nýju. Iðjuþjálfunin er skjólstæðingsmiðuð og miðar að því að þjálfa upp færni eða finna nýjar leiðir til að auka sjálfstæði, virkni og möguleika á þátttöku í samfélaginu. Það getur til dæmis verið, að vera sjálfbjarga með að klæða sig og snyrta, elda mat eða komast aftur í nám eða vinnu.“

Sigrún Ólafsdóttir, Grensás

Solihull aðferðin innleidd á barna- og unglिंगageðdeild



Tinna Guðjónsdóttir
Deildarstjóri hjúkrunar
á BUGL

Starfsfólk barna- og unglिंगageðdeildar hefur innleitt nýja aðferð sem auðveldar skilning á mikilvægi tilfinningalegrar vellíðan og góðrar geðheilsu. Um er að ræða gagnreynda aðferð og stendur líkanið saman af þremur hugtökum: **Umhygð, gagnkvæmni og atferlismótun** og eruð notuð sem vegvísir í samskiptum. Hugtökin sem mynda hugmyndafræðina er hægt að nota þegar unnið er með fjölskyldum, einstaklingum, hópum, samfélagi eða með stórum hópum út frá heilbrigðis sjónarmiði.

Starfandi fagaðilar barna- og unglिंगageðdeildar sóttu leiðbeinendanámskeið hjá Geðverndarfélaginu með það markmið að innleiða Solihull hugmyndafræðina í starfi. Ákvörðun var tekin um að öllu starfsfólki deildarinnar yrði boðin þjálfun. Nú hefur fyrsti hópurinn lokið þjálfun við góðar undirtektir og sá næsti fer af stað í nóvember.

Solihull líkanið var þróað seint á tíunda áratugnum í samvinnu við skjólstæðinga og NHS sálfræðiþjónustu barna í bænum Solihull í Bretlandi. Líkanið samanstendur af sálgreinakenni (e. Psychoanalytic theory) - umhygð, rannsóknunum á þroskaferli barna - gagnkvæmni og náms kenningu (e. Learning theory) - atferlismótun. Markmiðið er að auka gæði í tilfinningalegri vellíðan og jákvæðum tengslum með því að leggja áherslu á tengingu á milli hegðunar og tilfinninga,



hæfni/geta foreldra til að sefa (e. regulate) bæði sig og barnið og þjálfun fyrir fagfólk/iðkendur?

Starfsfólk barna- og unglिंगageðdeildar telur að innleiðing Solihull aðferðarinnar muni skila því að ólíkar fagstéttir tali sameiginlegt tungumál og séu samstilltari.

„Með því að koma Solihull „í drykkjarvatnið“ á deildinni fyrir allt starfsfólk erum við að efla okkur enn frekar í að mæta börnum og fjölskyldum þeirra þar sem þau eru stödd en við teljum að við getum einnig aukið stuðning við hvort annað í starfi sem og við önnur þjónustukerfi þar sem samvinnan er okkur öllum mjög dýrmæt. Þetta er bæði leið til að nota í vinnu með fjölskyldum en á sama tíma leið til að hugsa um vinnuna okkar. Nálgunin talar

Hvað er Solihull?

Solihull aðferðin er kenningafræðilegt líkan sem auðveldar skilning á mikilvægi tilfinningalegrar vellíðan og góðrar geðheilsu. Um er að ræða gagnreynda aðferð og stendur líkanið saman af þremur hugtökum: Umhygð, gagnkvæmni og atferlismótun og eruð notuð sem vegvísir í samskiptum. Hugtökin sem mynda hugmyndafræðina er hægt að nota þegar unnið er með fjölskyldum, einstaklingum, hópum, samfélagi eða með stórum hópum út frá heilbrigðis sjónarmiði. Þó hugtökin virðast einföld og eru mörgum okkar kunnug er lykillinn í hugmyndafræðinni forgangsgröðunin á hugtökunum í samskiptum og hvernig hægt er að nýta þau í ólíku samhengi.

til þess hvað það er að vera manneskja, skilja hvað styður okkur í átt til þroska og hvað hindrar – og minnir okkur á mikilvægi samskipta.”

Skapandi greinar fá stærri sess í geðendurhæfingu

Geðþjónustan hefur fengið styrk frá tveimur ráðuneytum til að efla hlutverk skapandi greina í geðendurhæfingu. Í kjölfar styrksins munu skjólstæðingar hafa kost á að sækja myndlistarnámskeið í samstarfi við Fyrirbæri listasmíðju, 4 vikna tónlistarnámskeið í samstarfi við Tónhyl og leiklistarnám með Vesturporti og Þjóðleikhúsinu

„Við teljum að með því að fjölga

tækifærum innan skapandi greina sköpum við vegvísir að betra lífi fyrir okkar þjónustuþega. Í samtali við tónlistar, leiklistar og myndlistarfólk ásamt Opna Listaháskólanum hafa komið fram fjölbreyttar hugmyndir að námskeiðum, sem t.d. tengjast leiklist, framsögu, myndlist,



Hlynur Jónsson.

danslist, skapandi skrifum og tónlist. Leiðarstef í þeim hugmyndum er að skapa aðstæður þar sem þátttakendur hafa tækifæri til þess að reyna á samskiptafærni sína, útsjónarsemi og listrænt áræði,“ segir Hlynur Jónsson sem leitt hefur verkefnið fyrir hönd geðþjónustunnar.



Nýr línuhraðall í notkun í nóvember

Línuhraðall er mikilvægt tæki sem notað er í geislameðferð gegn krabbameini, en ríflega helmingur þeirra sem greinast með krabbamein fara í geislameðferð sem hluta af sínu meðferðarferli. Á geislameðferðardeild eru tveir línuhraðlar sem þjónusta tæplega 1.000 sjúklinga ár hvert. Nú er unnið að því taka nýjan línuhraðal í notkun. Um er að ræða endurnýjun á eldri línuhraðli deildarinnar, sem var orðinn 11 ára gamall. Kostnaður við hraðalinn og nauðsynlegan fylgibúnað er um 600 milljónir króna.

Nýi línuhraðallinn er sambærilegur

þeim sem verið er að skipta út, en bæði tækin eru af gerðinni TrueBeam frá Varian. Nýja hraðlinum fylgir endurbættur myndatökubúnaður sem gefur mun skýrari tölvusneiðmyndir sem og meðferðarborð með fleiri stillingarmöguleikum. Hvort tveggja eykur nákvæmni og öryggi sem getur skilað sér í betri geislameðferð og minni aukaverkunum.

Endurnýjunin er fyrst og fremst mikilvæg til að tryggja rekstraröryggi enda er geislameðferðardeild Landspítala eini staðurinn á Íslandi þar sem veitt er geislameðferð. Eldri hraðallinn var

farinn að sýna aukna bilanatíðni með tilheyrandi rofi á meðferðum.

Nú er nýja tækið komið í hús, sem er stór áfangi í umfangsmiklu verkefni. Að skipta út tæki sem þessu krefst gríðarlegs undirbúnings frá starfsfólki deildarinnar, hönnunar- og framkvæmdadeild ásamt starfsfólki heilbrigðistækni. Næst fer fram vinna við að setja tækið saman og fínstillta. Sú vinna er umfangsmikil og inniheldur m.a. nákvæmar geislaferilmælingar og útreikninga sem framkvæmdar eru af eðlisfræðingum deildarinnar. Áætlað er að tækið verði tekið í notkun í nóvember.

Þakklæti við starfslok

Haustið ber með sér tímamót og það á heldur betur við um það góða starfsfólk Landspítala sem lét af störfum vegna aldurs þetta haustið. Öll hafa þau helgað Landspítala starfskrafta sína dágóðan hluta af starfsævinni. Starfsaldursforseti þessa hóps er Teresa Neter sem hefur staðið vaktina í þvottahúsinu og starfað hjá Landspítala í ríflega 25 ár.

Landspítali þakkar þessum einstaklingum góð störf og óskar þeim velfarnaðar.



Heiðbrá Sæmundsdóttir
Hjúkrunarfræðingur, svæfing F



Napoleon Gelito, Sérhæfður
starfsmaður, framleiðslueldhús



Pétur Ásbjörnsson, Kerfis-
fræðingur, þjónustumiðstöð



Sesselja K S Karlsdóttir Hjúkrunar-
fræðingur, Blóðbankinn



Teresa Neter, Starfsmaður,
þvottahús



Margrét Ásgeirsdóttir, Skrifstofu-
maður, göngudeild lyflækninga F